

að erindi sé bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða byggingarreglugerð eða óvissu ríkja um hvort uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykkt, skal hann vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs.

4. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarráðs til kynningar og bókaðar í gerðabók ráðsins en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Þær skulu síðan hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og afgreiðslur skipulags- og byggingarráðs. Koma skal fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð skipulags- og byggingarráðs skal koma fram að framangreindar afgreiðslur hafi verið lagðar fram. Skal listi byggingarfulltrúa yfir afgreiðslurnar varðveittur undirritaður af byggingarfulltrúa og formanni skipulags- og byggingarráðs til staðfestingar á að kynningin hafi farið fram.

5. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til skipulags- og byggingarráðs.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. ágúst 2005,

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi Laugabólslands í Mosfellsdal, Egilsmóar 3, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Laugabólslands í Mosfellsdal, Egilsmóar 3, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 6. júlí sl.

Breytingin sem nú er gerð nær til lóðar Egilsmóa 3. Í henni felst að íbúðarhús skuli vera á 1. hæð eða 1 hæð og ris. Heimilt er að hafa kjallara. Hámarksgólfhlötur er 250 m². Hámarks veggshæð þegar um er að ræða einhalla þak er 6,5 m og hámarkshæð þaks er 7,5 m. Frárennsli er í umsjón lóðarhafa þar sem endanleg fráveita er ekki fyrir hendi.

Deiliskipulag frístundahúss við Silungatjörn, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúss við Silungatjörn, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 22. júní sl.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir einu frístundahúsi, hámarksstærð 110 m² auk 20 m² geymslu og 50 m² kjallara. Hámarkshæð húss verður 5,5 m.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 12. ágúst 2005,

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,
Tryggvi Jónsson
bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að heimila hægri beygju fyrir almenna umferð af Laugavegi norður Snorrabraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. ágúst 2005,

Ingimundur Einarsson,
varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeiði, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeiði á Ísafirði. Breytingin felur í sér að tenging Tungubrautar við Skutulstjarðarbraut færist um 33 metra til norðurs. Lóðin að Skeiði 1 stækkar um 942 m² og heimilt er að selja eldsneyti á lóðinni. Gert er ráð fyrir tveimur dælum, skyggni og inntaksklefa 2 X 3 metra, hámarkshæð þaks er 5,3 metrar.